

Fálkasetur Íslands

-fundargerð-

18. fundur stjórnar Fálkaseturs Íslands haldin föstudaginn 23. janúar 2015 kl. 13:00 í Þekkingarsetri Þingeyinga. Mættir eru Hjörleifur, Aðalsteinn, Sverrir, Jón Halldór og Ari Páll.

Þar sem Jón Halldór var að mæta á sinn fyrsta fund sem stjórnarmaður í Fálkasetri Íslands fór Hjörleifur lauslega yfir sögu þessa félags áður en gengið var til dagskrár.

Eftirfarandi málefni voru rædd:

1. mál. Aðalfundur Fálkaseturs Íslands

Síðasti aðalfundur Fálkaseturs var haldinn haustið 2013. Stefnt er á að halda aðalfund í febrúar eða mars. Ara Páli var falið að hafa samband við Halldóru hjá Norðurhjara til að kanna hvort einhverjir viðburðir séu framundan á svæðinu sem hægt væri að tengja aðalfundinum. Dagsetning fundarins verður ákveðin þegar það liggur fyrir.

2. mál. Fræðslustarf sumarsins

Hjörleifur rakti hvernig fræðslustarfið gekk síðasta sumar. Ólafur Karl Nielsen hitti landverði og menntaði þá í fálkafræðum. Fálkahreiður var í vesturhluta Ásbyrgis og var hægt vel hægt að sjá það með fjar sjá frá Eyjunni. Á hverjum sunnudegi fóru landverðir með fólk í ferðir upp á Eyju og sýndu og sögðu frá fálkum. Þessar ferðir voru oft endurteknaðar í miðri viku. Heildarfjöldi þeirra sem mætti í þessar fálkagöngur er sennilega á milli 200 og 300. Langa ferð sumarsins féll niður vegna þátttökuleysis. Rigning og vont veður var þann dag.

3. mál. Ráðstefna um fálkarannsóknir á norðurslóðum haldin í Gljúfrastofu.

Ólafur Karl Nielsen hafði forgöngu um að halda alþjóðlega ráðstefnu um fálkann í Gljúfrastofu. Markmiðið var að þeir sem stunduðu athuganir á þessari tegund á Norðurlöndum hittust og deildu með sér upplýsingum og reynslu. Auk Íslendinga þá komu þátttakendur frá Skandinavíu, einn frá Spáni og einn frá Bandaríkjunum. Þrjú stjórnarmenn mættu á ráðstefnuna og formaðurinn kynnti þar Fálkasetur Íslands. Fyrirhugað er framhald á þessari ráðstefnu því stefnt er að fundi í Noregi þar sem unnið verður í að staðla aðferðafræði við rannsóknir á fálkum.

4. mál. Staðan á styrksumsóknnum og staða félagsins.

Síðasta styrksumsókn Fálkasetursins var til Eypings en henni var hafnað. Það er því orðið langt síðan Fálkasetrið hefur fengið styrk til að vinna að sínum málum og er því óneitanlega í smá lægð um þessar mundir. Ýmislegt rætt en engar ákvarðanir teknar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið,

Aðalsteinn Örn Snæþórsson